



Landsbyggðin lífi

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/505

komudagur 4.12.2002

Austurgerði 11 • 108 Reykjavík • Sími: 553 0707 • Netfang: landlif@simnet.is

Reykjavík, 20. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:

Umsögn Landsbyggðarinnar lífi um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Samtökin LBL þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillögu þessa og mæla eindregið með samþykkt hennar á hinu háa Alþingi.

Jafnframt vilja LBL benda á að til þess að vinna “gegn ójafnvægi í byggðamálum” þarf jafnt að huga að hinu smæsta sem hinu stærsta. Ein leið til þess er að efla frumkvæði og krafta áhugafólksins í hinum dreifðu byggðum en það er megintilgangur LBL. Í ljósi þess leyfum við okkur að koma á framfæri við háttvirta iðnaðarnefnd eftirfarandi kynningu á LBL.

Landsbyggðin lífi, LBL, eru ný samtök áhugafólks á Íslandi um velferð byggðanna svo og samfélagsins í heild.

Áhersla er þar lögð á að hjálpast að við að mynda samstarfsvettvang fyrir einstaklinga og hvers konar óháð áhugamannafélög sem hafa það á stefnuskrá sinni að styrkja og efla heimabyggð sína og stuðla þannig að samstiga þróun byggðamála og betri byggð um land allt bæði efnahags- og menningarlega.

Í samræmi við meginmarkmið heildarsamtakanna, LBL, og framtíðarsýn vinnum við að því að mynda samstöðuhópa, þ.e. framfara-, velferðar- eða þróunarfélaga, helst í hverju sveitarfélagi landsins, og jafnframt að miðla og dreifa upplýsingum og mynda góð tengsl þeirra á milli – þeim til uppörvunar og leiðbeiningar – góðum málum til framdráttar. Með þá góðu trú að leiðarljósi að slíkt geti hægt á núverandi byggðapróun – eða jafnvel snúið henni við!

Samtökin vilja auka bjartsýni unga fólksins á framtíðina, gleði þess yfir landinu, náttúru þess og möguleikum á hverjum stað og hvetja það til þátttöku í LBL.

Til eru norræn heildarsamtök sem kalla sig “Hela Norden ska leva”, HNSL. Þau eru samtök landsfélaga byggða í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Finnlandi og frá árinu 2002 – líka á Íslandi.

Við munum leitast við að læra af reynslu þessara landa, t.d. Svíþjóðar, sem gengið hefur í gegnum sambærilega byggðapróun.

F.h. Landsbyggðarinnar lífi,

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, formaður Landsbyggðarinnar lífi